

5. Skýrsla móður hins ákærða, fengin fyrir rjetti, um gjald það, er lögtakið var gjört fyrir, svo og um það, hvers eign hin lögtekná hryssa hafi verið.

6. Skýrsla Guðmundar í Melgerði, tekin fyrir rjetti, um 10 kr. skuld þá, sem faðir ákærða tjáist hafa átt að borga Guðmundi, samkvæmt því sem fram er komið í málinu fyrir rjetti hinn 8. nóv. 1889, sjerstaklega um það, hvernig Guðmundi hafi verið borgaðar þessar 10 kr.

7. Kæra Eggerts Laxdal, sem tilefni gaf til málshöfðunarinnar, sbr. brjef amtsins 4. febr. 1889.

Svo ber og að útvega aðrar þær skýringar, sem prófin um framannefnd atriði og hinar heimtuðu skýrslur enn fremur kunna að gefa tilefni til.

Fyrir því úrskurðast:

Hjæraðsdómaranum ber að útvega skýrslur þær, sem að framan eru nefndar, svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 23. júnímánaðar.

Nr. 61/1889.

Jón Árnason  
gegn

Jóni Andrjessyni.

Dómur:

Mál þetta, sem höfðað er í hjerði af Jóni Árnasyni, borgara í Ólafsvík, gegn Jóni bónda Andrjessyni á Ytri-Knarartungu út af óheimildartöku og meðferð á ýmsum munum, er Jón Árnason þóttist eiga rjett tilkall til, en tengdaforeldrar hans áttu, var dæmt í hjer-

aði fyrir aukarjetti Snæfellsnessýslu 20. okt. 1888 með þeim úrslitum, að hinn stefndi Jón Andrjesson var sýknaður af kærurum sækjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Jón Árnason skotið til landsyfirdómsins með stefnu dags. 9. nóv. 1889, og þar krafizt, að hinn stefndi Jón Andrjesson verði dæmdur til að borga sjer andvirði nokkurra muna, þilja, planka m. fl., eptir óvilhallra manna mati, eða skila honum þeim óskemmdum og í sama standi og þeir voru 11. júní 1888, og að hinn stefndi verði dæmdur til að borga allan málskostnað fyrir undir- og yfirjetti með 200 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hann verði alveg sýknaður af kærurum áfrýjandans og að áfrýjandinn verði skyldaður til að borga honum 100 kr. í málskostað.

Það, sem áfrýjandi gefur stefnda að sök hjer við landsyfirdóminn er, að stefndi hafi við úttekt 11. júní 1888 að Ytri-Knarartungu, er hann tók við nefndri jörð af fráfaranda, Jóhanni Þorsteinssyni, tengdaföður sækjanda, fyrir úttektarmönnum lýst sína eign og sagt sjer afhent af nefndum fráfaranda allar þiljur undir lopti þar á bæ, ásamt nokkru af lausum þjálka- við og 2 eikarplönkum, en þetta telur áfrýjandi eign sína.

Þetta eignartilkall sitt vill hann byggja á 2 skjölum, sem lögð hafa verið fram í málinu; annað er veðbrjef, er hann svo nefnir, frá tengdforeldrum hans, ódagsett og vitundarvottalaust, svo hljóðandi: «Hjer með lýsum við hjónin Jóhann Þorsteinsson og Þuríður Þórarinsdóttir, að allir okkar fjármunir eru veðsettir Jóhönnu dóttur okkar með fyrsta veðrjetti»; hitt, sem er

dags. 3. jan. 1884 og undir það skrifað handsalað nafn nýnefndra hjóna, segir: «Við undirskrifuð hjón höfum afhent Jóhönnu, dóttur okkar, alla þá fjármuni, er við undir höndum höfum, þar hún á innistandandi hjá okkur skuld að upphæð 1100 — skrifa ellefu hundruð krónur.»

Hvorugt þessara skjala virðist geta heimilað áfrýjanda neinn rjett yfir munum tengdforeldra hans. Hið fyrra skjalið er þannig úr garði gjört, að það ekki verður talið vedbrjef, og hið síðara skjalið hefur, þótt í lagi væri, aldrei komið til framkvæmdar, því það er ljóst af málinu, að eigur tengdforeldra áfrýjanda og þá líka þiljur þær o. fl., sem hjer fyrir rjettinum er um að ræða, hafi verið í vörzlum þeirra í fardögum 1888. Með því nú áfrýjandi ekki heldur á annan hátt hefur fært neinar sönnur fyrir tilkalli sínu til þessara muna, verður að sýkna stefnda af kærnum og kröfum áfrýjanda í þessu máli og því að staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Eptir þessum úrslitum virðist rjett, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega metinn 60 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjandi dómi skal óraskað. Áfrýjandi Jón Árnason greiði stefnda Jóni Andrjessyni málskostnað fyrir yfirdómi með 60 kr., er lúkest innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.